

Fylgiskjal.**Orðskýringar.**

Fráræsi: Leiðsla fyrir fráveituvatn frá húsum og lóðum að götufráræsi.

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólþ, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfi húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Götufráræsi: Leiðsla fyrir fráveituvatn frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna.

Götuholræsi: Holræsi í eða við götu.

Holræsi: Leiðsla, venjulega í jörð, fyrir fráveituvatn.

Húsaskólþ: Skólþ frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannlíkamans og heimilisstarfa.

Iðnaðarskólþ: Skólþ annað en húsaskólþ og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar eða iðnaðar.

Ofanvatn: Regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húsþökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.

Ofanvatnsræsi: Leiðsla fyrir ofanvatn.

Rotþær: Tankur, sem skólþ er leitt um til hreinsunar.

Safnræsi: Holræsi til að safna saman fráveituvatni úr götuholræsum á nokkru svæði.

Siturleiðslur: Götuð leiðsla sem lögð er í jörðu og dreifir fráveituvatni út í jarðveg.

Útrás: Umbúnaður á enda útræsis, þar sem fráveituvatn rennur út í viðtaka.

Útræsi: Leiðsla, sem leiðir fráveituvatn frá útræsisbrunni út í viðtaka.

Útræsisbrunnur: Holræsisbrunnur við viðtaka, þaðan sem útræsi liggur úr í viðtakann.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisauka-
skatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og
laugarvatns, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað hundraðshlutans „59“ fyrir Orkubú Vestfjarða í 2. mgr. 2. gr. komi: 63.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-
skatt, gildir frá 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 20. febrúar 1995.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Jón Guðmundsson.